

en það er um 50 — fimmtíu — metra vegalengd, og er þá miðað við straumlínu aðalkvíslar árinna, en hún rennur nú í einum farvegi milli Kötlustaða og Brúsastaða.

Dómsorð:

Merki milli Brúsastaða og Hofs skulu vera frá vörðu, hlaðinni vestarlega á Kötlustaðamel, bein sjónhending um háspennu-raflínustaur á eyrunum gegnt íbúðarhúsinu á Hofi, um mynni skurðarins milli Brúsastaða og Snæringssstaða, um Klettabelti, Klettahögg, í fjallshlíðinni norður og niður af Krossdalskúlu í smáhól í Víðidalsfelli í lögðinni sunnan við Skessusæti. Frá þessari línu ræður Vatnsdalsá að Grjótá, sem er merki milli Hofs og Kötlustaða, en þar er um 50 — fimmtíu — metra vegalengd, og er þá miðað við straumlínu aðalkvíslar árinna, en hún rennur nú í einum farvegi milli Kötlustaða og Brúsastaða.

Mánudaginn 7. nóvember 1966.

Nr. 75/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Rafni Kjartanssyni

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitni þau, er þar getur, staðfest vætti sín.

Samkvæmt vottorði Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens „fundust“ í blóði ákærða, sem honum var tekið kl. 0430 aðfaranótt 8. marz 1965, „reducerandi efni, er samsvara 1.44‰ af alkóhóli“.

Þykir í ljós leitt samkvæmt gögnum málsins, að ákærði

hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem hann er sakaður um í ákæruskjali. Varðar brot hans við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 47. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 svo og við 1. mgr. 24 gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Þá ber og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga að svipta ákærða ökuleyfi 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast samtals kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Rafn Kjartansson, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi 1 ár.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 4.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns í héraði og fyrir Hæstarétti, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmanns, samtals kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 26. febrúar 1966.

Ár 1966, laugardaginn 26. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 102/1966: Ákæruvaldið gegn Rafni Kjartanssyni, sem tekið var til dóms í gær.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 11. maí 1965, höfðað á hendur Rafni Kjartanssyni bifreiðarstjóra, Mávahlíð 34 í Reykjavík, fæddum 27. september 1935 í Reykjavík, fyrir að aka mánudagsnóttina 8. marz 1965 undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 1210 heim til sín frá bifreiðastæði við Landsbókasafnshúsið við Hverfisgötu, en við Mávahlíð 36 rakst bifreiðin vegna ógætni ákærða á bifreiðina R 1620, sem stóð þar mannlus, og urðu nokkrar skemmdir á báðum bifreiðunum.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 37. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt mánudagsins 8. marz 1965 klukkan tæplega 0400 urðu tveir menn sjónarvottar að því, að ákærði ók bifreiðinni R 1210 á mannlausa bifreið, R 1620, á móts við hús nr. 36 við Mávahlið hér í borg. Lítillegar skemmdir urðu á bifreiðunum. Sjónarvottum virtist ákærði vera undir áhrifum áfengis. Annar þeirra var sjálfur ölvaður, og veitti hann ákærða áfengi, eftir að áreksturinn var orðinn, en jafnframt kærðu þeir til lögreglu vegna aksturs ákærða. Lögreglan kom á staðinn og handtók ákærða.

Ákærði hefur fyrir dómi játað að hafa greint sinn undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 1210 um götur Reykjavíkur. Þegar ákærði var að leggja bifreiðinni við heimili sitt, kvað hann hana hafa rekizt á kyrrstæða og mannlausa bifreið, R 1620. Ákærði kvaðst hafa neytt nokkurs áfengis, eftir að akstri lauk.

Tekið var sýnishorn af blóði ákærða, og fundust í blóðsýninu reducerandi efni, sem samsvara 1.44‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar og með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem rakin er í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsíákvæða, að því undanskildu, að ekki þykir sannað, að ákærði hafi brotið gegn 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, enda hefur hann fullyrt, að hann hafi neytt áfengis, eftir að akstri lauk, og sú frásögn er staðfest af öðrum kæranda, sem kvaðst hafa veitt honum vín.

Ákærði hefur hlotið refsingar, svo sem hér segir:

1954 30/5	í Reykjavík:	Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 12/7	—	Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
— 17/9	—	Áminning fyrir brot á 30. gr lögreglu-samþykktar.
1956 28/1	—	Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1956	4/10	í Reykjavík:	Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
1958	26/4	— —	Áminning fyrir brot á l. nr. 73/1952.
—	23/4	— —	Dómur: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
1960	8/2	— —	Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 31. gr. lögreglusamþykktar.
1961	18/2	— —	Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
1964	5/2	— —	Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.
—	27/10	— —	Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
—	3/12	— —	Sátt, 600 kr. sekt fyrir umferðarlaga-brot.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 7 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Með vísan til 141. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála þykir rétt að ákveða, að allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmans, skipaðs verjanda ákærða, kr. 3.000.00, greiðist að hálfu úr ríkissjóði, en að hálfu af ákærða.

Dómsorð:

Ákærði, Rafn Kjartansson, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 7 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði helming alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Guðlaugs Einarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 3.000.00, en hinn helmingurinn greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.